

3. gr.

Meðferð umsókna.

Þeir sem eru á námssamningi sækja beint um námskeiðin til FMB. Viðkomandi meistari tilkynnir síðan nemann til sveinsprófs þegar hann hefir lokið námstíma og fengið burtfararskírteini frá iðnfræðsluskóla.

Aðrir umsækjendur sendi umsóknir um námskeið til Fræðsluráðs bílgreina sem metur þær og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um afgreiðslu þeirra. Ráðuneytið afgreiðir síðan umsóknirnar samkvæmt stjórnsluvenjum og heimilar umsækjendum að sækja um námskeiðin hjá FMB eða hafnar umsóknunum. Þeir sem standast prófin á námskeiðunum sækja um sveinspróf á sama hátt og leggja fram ljósrit af heimild ráðuneytisins og prófskírteini frá FMB.

4. gr.

Meðferð óafgreiddra mála.

Erindi um iðnréttindi í bílamálun sem liggja óafgreidd í menntamálaráðuneytinu og hjá FMB skulu afgreidd með lögjöfnuði við framangreind ákvæði.

5. gr.

Gildistími þessara reglna.

Reglurnar eru settar skv. ákv. 1. gr. reglugerðar nr. 111/1996 um breytingu á reglugerð nr. 560/1995 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistaráréttindi og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 560/1995 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 20. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Hörður Lárusson.

STOFNSKRÁ**fyrir sjálfseignarstofnunina Hreyfimyndafélagið.**

1. gr.

Stofnendur.

Stofnendur eru Háskólabíó og Stúdentaráð Háskóla Íslands.

2. gr.

Framlag stofnenda.

Háskólabíó leggur fram kr. 500.000 fjárframlag til stofnunarinnar. Stofnféð skal greiða strax og stjórn Hreyfimyndafélagsins ákveður. Stofnféð er óskerðanlegur höfuðstóll sem ávaxta skal með tryggilegum hætti.

3. gr.

Heimili.

Heimilisfang og varnarþing sjálfseignarstofnunarinnar er í Reykjavík. Meginstarfsemi stofnunarinnar fer fram innan veggja Háskólabíós við Hagatorg, Reykjavík.

4. gr.

Ábyrgð.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum

5. gr.

Tilgangur og starfsemi.

Megintilgangur stofnunarinnar er að gefa fólki kost á að sjá góðar og vandaðar kvikmyndir. Starfsemi stofnunarinnar felst einkum í því að útvega góðar og vandaðar kvikmyndir og mynda hóp áhugamanna sem skal gefinn kostur á að sækja sýningar þessarar kvikmynda. Stofnunin má einnig annast aðra skylda starfsemi sem stjórn hennar ákveður. Stofnunin hefur samvinnu við Háskólabíó um starfsemi sína.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fjórum mönnum og fjórum til vara til tveggja ára í senn. Stjórn Háskólabíós skipar tvo stjórnarmenn og tvo til vara og Stúdentaráð Háskóla Íslands tvo menn og tvo til vara. Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir venjuleg stjórnarstörf.

7. gr.

Starfssvið stjórnar.

Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum stofnskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Hún skal taka allar meiriháttar ákvarðanir á vegum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður m.a. stefnu stofnunarinnar almennt og í einstökum málefnum, sér um bókhald og gerir rekstraráætlanir. Stjórnin skal setja reglur um það hverjir eigi rétt til aðildar að áhugamannahópi þeim sem um getur í 5. gr.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

Skyldur stjórnar.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila. Árlega og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa stjórn Háskólabíós og Stúdentaráði Háskóla Íslands skýrslu um starfsemi sína og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint eftir því sem unnt er.

10. gr.

Rekstrartekjur.

Stofnunin aflar rekstrartekna m.a. með eftirfarandi hætti:

Með tekjum af rekstri.

Veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum.

Með lántöku.

11. gr.

Ráðstöfun eigna.

Stjórnin má ráðstafa eignum stofnunarinnar:

Til frekari uppbyggingar starfseminnar.

Til menningarmála sem tengjast megintilgangi stofnunarinnar sbr. 5. gr.

12. gr.

Breyting á stofnskrá.

Stofnendur geta breytt stofnskrá þessari með samkomulagi sínu. Þrír af fjórum stjórnarmönnum skulu vera meðmæltir slíkum breytingum.

13. gr.

Slit stofnunarinnar.

Stofnuninni verður slitið ef annar stofnenda og tveir stjórnarmenn eru því meðmæltir. Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir slitum.

Tveir menn, lögmenn eða löggiltir endurskoðendur sem Háskólabíó og Stúdentaráð Háskóla Íslands tilnefna, einn af hálfu hvors aðila, skulu sjá um skuldaskil og aðrar aðgerðir í sambandi við skiptin. Telji skilanefndarmenn að stofnunin geti ekki staðið í skilum við lánardrottna sína eða að vafi leiki á því skulu þeir óska eftir gjaldþrotaskiptum fyrir hennar hönd. Í öðrum tilvikum skulu eignir að lokinni greiðslu eða tryggingu skulda renna til Háskólabíós, þar á meðal nafn sjálfseignarstofnunarinnar.

14. gr.

Reikningar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn.

15. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

16. gr.

Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 16. apríl 1996.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. júní 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.